

Lög

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

6. tölul. orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminnna sem þýddra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka.
- Við 10. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó skal aðili með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi. Þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Seljandi skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar sem selja rafrænt afhenta þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili skulu undanþegnir skattskyldu.
- Í stað orðsins „Kaupandi“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: Aðili.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

3. gr.

Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við E-lið viðauka I við lögin: 8519.8190 og 8519.8990.

III. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. kafla tollskrár í viðauka I við lögin:

	A	E
	%	%
a. Í stað tollskrárnúmeranna 8519.8100 og 8519.8900 koma fjögur ný tollskrárnúmer ásamt fyrirsögnum og tolltöxtum, svohljóðandi:		
-- Sem nota segul-, ljós- eða hálfleiðaramiðlara:		
8519.8110 --- Sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar	0	
8519.8190 --- Önnur	7,5	0
-- Annars:		
8519.8910 --- Sem eru með innbyggðri geymslueiningu, geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg við gagnavinnsluvélar ..	0	
8519.8990 --- Önnur	7,5	0
b. Við vöruliðinn 8521 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8521.9023 --- Tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	
c. Við vöruliðinn 8543 bætist nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8543.7003 --- Tæki til lesturs rafbóka sem geta gengið án ytri orkugjafa og eru tengjanleg þráðlaust við netkerfi	0	

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011.

Samþykkt á Alþingi 17. september 2011.